



Re: Fw: Umsókn um leyfi til músaveiða

t-póstur

Málsnúmer: 2020020006

Málalyklar: 42-4-2 Umsagnir um undanþágur til sýnatöku og veiða

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 04.02.2020

Dagsetning skjals:

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Sigurður Á. Þráinsson"

<sigurdur.thrainsson@uar.is>

Frá: Trausti Baldursson/NI.IS

Dags: 04.02.2020 11:08:00

Til: "Sigurður Á. Þráinsson" <sigurdur.thrainsson@uar.is>

Efni: Re: Fw: Umsókn um leyfi til músaveiða

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 4. febrúar 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn frá Gunnari Þór Hallgrímssyni um undanþágu frá lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 til þess að veiða mýs til rannsókna, annars vegar í lífgildirur og hins vegar í dauðagildirur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að undanþága sé veitt til framangreindra veiða en telur að almennt eigi ekki að veita ótímabundin leyfi til veiða á dýrum. Stofnunin telur einnig að eðlilegt sé að veita leyfi til 3-5 ára í senn, með 5 ár sem hámark, því allar aðstæður/kröfur geta breyst. Einnig telur stofnunin, með vísan í m.a. 4. og 6. gr. laga nr. 60/1990 og 75. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að leyfishafa sé gert að skila niðurstöðum vöktunarverkefnisins svo upplýsingarnar megi nota sem innlegg í m.a. vöktun lykilkáttu íslenskrar náttúru.

Fyrir utan lífgildirur er gert ráð fyrir að veiða mýs í smellur/felligildirur, dauðagildirur, til krufninga og rannsókna t.d. á fæðuvali og frjósemi. Felligildirnar eru eru nægilega stórar og kröftugar til að aflífa önnur dýr, t.d. fugla, sem ganga í þær. Gera þarf ráð fyrir að smellurnar séu settar inn í Longworth lífgildirur til að hindra að önnur dýr festist í þeim og slasist eða drepist.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



▼ "Sigurður Á. Þráinsson" ---04.02.2020 00:17:33---Tilvísun í mál: UMH19080026 Náttúrufræðistofnun Íslands

From: "Sigurður Á. Þráinsson" <sigurdur.thrainsson@uar.is>
To: "Trausti Baldursson" <trausti@ni.is>
Date: 04.02.2020 00:17
Subject: Fw: Umsókn um leyfi til músaveiða

Tilvísun í mál: UMH19080026

Náttúrufræðistofnun Íslands

Sæll Trausti,

Meðfylgjandi umsókn frá Gunnari Þór Hallgrímssyni um undanþágu frá lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 til þess að veiða mýs til rannsókna, annars vegar í lífgildirum og hins vegar í dauðagildirum. Umsóknin barst ráðuneytinu um mitt síðasta ár en hefur því miður ekki verið send til umsagnar fyrr en nú.

Ráðuneytið óskar eftir umsögn stofnunarinnar í samræmi við ofangreind lög. Umsögnin óskast send eins fljótt og auðið er vegna þeirra tafa sem þegar hefur orðið á afgreiðslu erindisins.

Sigurður á Þráinsson



Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri / Head of Division

Skrifstofa landgæða / Department of Land and Natural Heritage

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600 .

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Notandi: "Gunnar Þór

Hallgrímsson" <gunnih@hi.is>

Dagsetning: 14.8.2019 14:43:13

Til: "Umhverfis- og auðlindaráðuneytið" <uar@uar.is>

Efni: Umsókn um leyfi til músaveiða

Kæri viðtakandi hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Í viðhengi er umsókn um leyfi til músaveiða auk tveggja fylgiskjala. Vinsamlega staðfestið móttöku umsóknarinnar.

Með kveðju,

Gunnar Þór Hallgrímsson

Háskóli Íslands

(See attached file: musarannsokn_umsokn_GTH_2019.pdf)(See attached file:

LAS_GTH_HI_2002.pdf)(See attached file: FELASA_Certificate_GTH_2018.pdf)[attachment

"musarannsokn_umsokn_GTH_2019.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment

"LAS_GTH_HI_2002.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment

"FELASA_Certificate_GTH_2018.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]